

3. gr.

Greiðslur gjalda.

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal vera greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi sbr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðar með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar, 16. janúar 2003.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Dalvíkurbyggðar, nr. 323/2002.**

1. gr.

Í stað orðsins „janúarmánaðar“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: desembermánaðar.

2. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 10. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

a. III. stafliður A-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

III. **Félagsmálasvið.**

1. *Félagsmálaráð* fer með verkefni sveitarfélagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustuhóp aldraðra og málefni fatlaðra samkvæmt lögum og reglugerðum og samningum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Barnaverndarnefnd* fer með málefni er varða barnavernd og ættleiðingar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um.

b. IV. stafliður A-hluta greinarinnar verður svohljóðandi:

IV. **Umhverfis- og tæknisvið.**

1. *Umhverfisráð* fer með byggingarmál, skipulagsmál, brunavarnir og brunamál, almannavarnir, umferðarmál, umhverfismál, gróður- og náttúruverndarmál og veitumál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Landbúnaðarráð* fer með stjórn og eftirlit með gæludýra- og búfjárhaldi, framkvæmd fjallskila, afréttarmál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og sjúkdómavarnir ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi. Ráðið gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu búfjárefirtirlitsmanna skv. 3. gr. reglugerðar um búfjárefirtirlit o.fl. nr. 743/2002.

3. *Búfjárefartilitsnefnd*. Bæjarstjórn kýs að afloknum kosningum aðal- og varamann í búfjárefartilitsnefnd 17. starfssvæðis búfjárefartilits til fjögurra ára samkvæmt tillögu landbúnaðarráðs, sbr. reglugerð um búfjáreftilrit o.fl. nr. 743/2002.
- c. 2. tölul. B-hluta greinarinnar fellur brott og breytist röð töluliða samkvæmt því.
- d. 3. tölul. B-hluta (verður 2. tölul.) verður svohljóðandi:
Menningarsjóður Svarfdæla. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í Menningarsjóð Svarfdæla samkvæmt samþykktum sjóðsins eins og þær eru hverju sinni.
- e. 2. tölul. D-hluta greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 65. gr. bætist: sbr. I. lið 62. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. nóvember 2003.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996.

1. gr.

Síðasti málslíður 1. gr. falli brott.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Á fyrstu árum skólagöngu skulu skólar kanna hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, bregðast við því með kerfisbundnum hætti og sjá til þess að öll börn fái nauðsynlega aðstoð til að ná viðunandi lestrarfærni. Fylgst skal reglulega með framförum í lestri og brugðist við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðiþjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við. Hún skal sjá skólum fyrir viðeigandi skimunar- og greiningarprófum.

3. gr.

Í stað síðasta málslíðar 4. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi:

Að athugun lokinni gera starfsmenn sérfræðiþjónustu tillögur um viðeigandi meðferð eða úrbætur.

4. gr.

Á undan fyrsta málslíð 7. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi:

Sveitarstjórn skipuleggur sérfræðiþjónustu skóla og ræður starfsmenn til að sinna henni.